

Mótt	<u>Reykjanesbær</u>	<u>AðG</u>
	<u>27.05.2021</u>	
Lykill	<u>00.06</u>	
Málsnr.	<u>2021050417</u>	
Ábm.	<u>HSE</u>	



Reykjavík 26. maí 2021

Hera Ósk Einarsdóttir
Sviðstjóri Velferðarsviðs
Tjarngata 12
230 Reykjavík

Varðar: Styrkumsókn.

Í Klúbbnum Geysi er boðið uppá endurhæfingu fyrir einstaklinga sem eiga eða hafa átt við geðraskanir að stríða. Meginmarkmið klúbbssins er að styðja klúbbfélaga til að verða virkir einstaklingar í þjóðfélaginu á ný eftir veikindi. Það er gert með virkri þátttöku þeirra í starfi Klúbbssins og aðstoð við að komast út á almennan vinnumarkað eða í nám, samhliða endurhæfingu í klúbbnum.

Kúbburinn Geysir hóf starfsemi sína haustið 1999. Í dag eru félagar 485 talsins. Árið 2020 mættu að meðaltali 17 félagar á hverjum degi. Deildir klúbbssins eru tvær: Eldhús- og viðhaldsdeild og skrifstofu- atvinnu- og menntadeild. 26 einstaklingar komu í kynningu. Einnig komu 16 fagaðilar og nemar í kynningu.

Klúbburinn Geysir er eina endurhæfingaúrræði sinnar tegundar á Íslandi fyrir geðsjúka. Flestir sem sækja hann eru af höfuðborgarsvæðinu og bæjarfélögum í nágrenni Reykjavíkur.

Frá upphafi starfseminnar hefur fjöldi klúbbfélaga hafið störf á almennum vinnumarkaði eða farið í nám. Á árinu 2019 voru 12% félaga í vinnu og 32% í námi af þeim sem spurðir voru í áranguskönnun 2019. Klúbburinn hefur sett sér skýr markmið um að hækka þetta hlutfall jafnt og þétt. Árangurinn er að sjálfsögðu til góða fyrir félagana en ekki síður fyrir þjóðfélagið í heild. Ekki var árangurskönnun gerð fyrir árið 2020 vegna covid.

Klúbburinn fer reglulega í gegnum ítarlegt sjálfsmat á starfinu og eru fengir erlendir aðilar frá Clubhouse International til að taka starfið út. Klúbburinn fékk þriggja ára vottun og eitt ár aukalega vegna covid á gæði starfseminnar í maí 2020, sem gildir til 31.maí 2024.

Klúbburinn Geysir byggir á hugmyndafræði Fountain House, sem eru alþjóðasamtök með starfsemi í 30 þjóðlöndum, í um og yfir 300 klúbbhúsum, með hátt í 60.000 félögum. Klúbburinn starfar samkvæmt Stöðlum Clubhouse International.

Þau úrræði sem Klúbburinn Geysir býður upp á eru hagkvæm og leiða til umtalsverðs sparnaðar í heilbrigðis- og tryggingakerfinu sem og hjá félagsþjónustum sveitarfélaga. Í klúbbnum fá félagar hvatningu, stuðning og mikilsverða vinnuþjálfun til að ná sér á strik eftir veikindi og endurheimta þá reisn sem fylgir því að geta séð fyrir sér sjálfur að miklu eða öllu leyti. Í mörgum tilvikum geta klúbbfélagar hætt að biggja aðstoð frá ríki og/eða sveitarfélögum. Einnig öðlast einstaklingurinn aukin lífsgæði sem ekki er hægt að meta til fjár.

Til að styðja við starfsemi Klúbbsins Geysis á árinu 2021, sækjum við hér með um styrk frá Reykjanesbæ að upphæð 500.000.

Virðingarfyllst,

Hórunn Ósk Sölvdóttir

Hórunn Ósk Sölvdóttir
Framkvæmdarstjóri Klúbbsins Geysis

Hulda Ósk Traustadóttir T.

Hulda Ósk Traustadóttir
Félagi

Meðfylgjandi:

1. Litli-Hver – fréttabréf Klúbbsins Geysis
2. Klúbburinn Geysir – Með þér út í lífið – upplýsingabæklingur um Klúbbinn Geysi
3. Árssreiknigur 2021